



Fundargerð – 578. stjórnarfundur Kólku

Fundur í stjórn Kólku sf. var haldinn þriðjudaginn 10. mars 2026, kl. 16:30 í fundarsal Kólku í Helguvík.

Mætt: Önundur Jónasson, Ingþór Guðmundsson, Svavar Grétarsson, Eiður Ævarsson og Eva Rún Barðadóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Skýrsla framkvæmdastjóra
2. Byggingarmál - staðan
3. Áherslur stjórnar fram að stjórnarskiptum og undirbúningur stjórnarskipta
4. Önnur mál

1. Skýrsla framkvæmdastjóra

Farið var yfir skýrslu framkvæmdastjóra. Farið var yfir brunavarnamál, búið að gera samkomulag um kaup á kurlara. Yfirlit um grænt bókhald sem sýnir að minna magn er að koma inn á gámaplön en áður. Gaf upplýsingar um stöðu Þjóðarbrennslunnar en mikill undirbúningur er hjá bæði Kólku & Sorpu.

2. Byggingarmál - Staðan

Stefnt á útboð sé frágengið í byrjun maí og jarðvinna hefjist, áætluð verklok í nóvember 2026.

3. Áherslur stjórnar fram að stjórnarskiptum og undirbúningur stjórnarskipta

Lítum til baka og vinnum samantekt hvað hefur verið unnið að síðustu 4 ár.

4. Önnur mál

Engin önnur mál á dagskrá.

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum og honum slitið kl. 18.00.

Næsti fundur er áætlaður þriðjudaginn 14. apríl 2026.

Fundargerð samþykkt með rafrænni undirritun.

Önundur Jónasson

Svavar Grétarsson

Eiður Ævarsson

Ingbór Guðmundsson

Eva Rún Barðadóttir

Steinþór Þórðarson